

Ágúst 2022



Land og líf

Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt

Aðgerðaáætlun í landgræðslu
og skógrækt 2022-2026



Land og líf

Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt.
Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2026

Útgefandi:

Stjórnarráð Íslands

Umbrot og textavinnsla: Stjórnarráð Íslands

Ágúst 2022 | ISBN 978-9935-9669-2-6

©2022 Stjórnarráð Íslands

stjornarradid.is

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| 1. Efla verndun heilla vistkerfa og gróðurleifa | 6 |
| 1.1 Verndun skógarleifa og náttúruskóga | 6 |
| 1.2 Verndun votlendis | 7 |
| 2. Efla og vernda líffræðilega fjölbreytni og takmarka rask vistkerfa af völdum aðgerða á sviði landgræðslu, skógræktar og við endurheimt votlendis og gróðurleifa | 9 |
| 2.1 Rannsóknir á áhrifum landgræðslu, skógræktar og endurheimtar votlendis á líffræðilega fjölbreytni | 9 |
| 2.2 Gerð áhættumats á notkun algengustu trjategunda í skógrækt | 10 |
| 2.3 Ný gæðaviðmið við val á landi til skógræktar | 11 |
| 2.4 Líffræðileg fjölbreytni í <i>Íslenskri skógarúttekt</i> | 12 |
| 3. Efla náttúrulega útbreiðslu skóga, einkum á rofnu og rýru landi | 15 |
| 3.1 Breytingar á beitarstjórnun | 15 |
| 3.2 Vakta skóga landsins | 16 |
| 4. Vernda og auka kolefnisforða vistkerfa | 18 |
| 4.1 Vístgetukort þurrlandis og votlendis | 18 |
| 4.2 Kolefnisforðakort | 19 |
| 4.3 Mat á kolefnisjöfnuði fyrir losunarbókhald í loftslagsmálum | 19 |
| 4.4 Rammi um framleiðslu vottaðra kolefniseininga í landbúnaði og annarri tengdri landnotkun | 20 |
| 4.5 Endurheimt vistkerfa á röskuðu landi | 21 |
| 4.6 Endurheimt votlendis | 22 |
| 4.7 Endurheimt náttúruskóga | 23 |
| 4.8 Skógrækt | 24 |
| 5. Auka viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa | 27 |
| 5.1 Aðlögun skóga að loftslagsbreytingum | 27 |
| 5.2 Náttúrumiðaðar lausnir til að draga úr áhrifum náttúruvár í skipulagsvinnu sveitarfélaga | 28 |
| 6. Landnýting tekur mið af ástandi og getu vistkerfa | 30 |
| 6.1 Þurrlandi og votlendi landsins kortlagt m.t.t. ástands vistkerfa | 30 |

| | |
|--|-----------|
| 6.2 Innleiðing reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu | 31 |
| 6.3 Beitarfriðun á óbeitarhæfu landi | 31 |
| 7. Efla þáttökunálganir í undirbúningi og framkvæmd aðgerða í landgræðslu og skógrækt | 34 |
| 7.1 Þáttökunálganir og samstarf | 34 |
| 8. Auka þekkingu almennings á mikilvægi virkra vistkerfa og efla hlutverk skóga í að stuðla að útivist | 37 |
| 8.1 Uppbygging og viðhald skóga í nágrenni þéttbýlis | 37 |
| 8.2 Gerð kynningar- og fræðsluefnis um ástand vistkerfa, vistlæsi, skóga, jarðvegsvernd og sjálfbæra landnýtingu | 38 |
| 9. Landnýting styður við atvinnu og byggðir í landinu | 40 |
| 9.1 Samstarf um stefnumörkun fyrir aðgerðir í landgræðslu og skógrækt | 40 |
| 9.2 Ræktun skóga á löndum í einkaeigu | 41 |
| 10. Auka verðmæti skógarafurða | 43 |
| 10.1 Úrvinnsla og sala innlendra skógarafurða | 43 |
| Yfirlit aðgerða | 44 |

Töfluskrá

| | |
|--|----|
| Tafla 1. Yfirlit aðgerða 2022-2026. | 44 |
|--|----|





1. Efla verndun heilla vistkerfa og gróðurleifa

1.1 Verndun skógarleifa og náttúruskóga

Aðgerðin felur í sér að vernda skógarleifar og náttúruskóga.

Lýsing: Víða um land má finna leifar náttúrulegra birkiskóga. Ástæða er til að vernda sérstaklega slíkar skógarleifar þar sem um verðmætar fræuþrættur og mögulega erfðaauðlind er að ræða. Slíkar leifar finnast víða, ekki síst á stöðum sem liggja tiltölulega hátt í landinu. Með hækkandi hitastigi og auknum fjölda skaðvalda í trjám er sennilegt að birki eigi erfðara uppdráttar á láglendi í framtíðinni. Þetta má m.a. sjá á útbreiðslu fjallabirkiskóga á Norðurlöndunum. Því er afar mikilvægt að vernda skógarleifar sem orðið geta fræuþrættur fyrir aukna útbreiðslu birkis í meiri hæð. Brýnt er að kortleggja hvar þessar skógarleifar eru á landinu og að sett sé fram áætlun um hvernig þær verði best verndaðar. Þetta á einnig við um náttúruskóga sem eiga undir högg að sækja vegna nýtingar eða annars álags.

Þetta er samstarfsverkefni Skógræktarinnar og Landgræðslunnar við sveitarfélög og eigendur/notendur lands. Aðgerðin getur falið í sér friðun lands fyrir búfjárbreit, stöðvun jarðvegsrofs eða aðrar aðgerðir sem tryggja verndun. Sjá einnig aðgerð 6.3 um beitarfriðun á óbeitarhæfu landi.

Ábyrgð: Skógræktin og Landgræðslan

Samstarfsaðilar: Sveitarfélög, bændur og aðrir landeigendur.

Tímarammi: 2022-2024

Árangursvísir:

1. Kortlagning á skógarleifum.
 2. Aðgerðaáætlun um verndun skógarleifa.
-

Tillaga að fjármögnun: Miðað við forsendur núverandi fjárlaga

1.2 Verndun votlendis

Aðgerðin felur í sér að vinna að aukinni verndun votlendis.

Lýsing: Á sama tíma og stóraukin áhersla er lögð á endurheimt votlendis hér á landi er mikilvægt að koma í veg fyrir frekari framræslu óraskaðs og lítt raskaðs votlendis nema brýna nauðsyn beri til. Votlendi nýtur enn fremur verndar samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 og ber að forðast að raska því, þ.m.t. að þurrka mýrar með framræslu.

Landgræðslan hefur það hlutverk samkvæmt lögum um landgræðslu að stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu lands, stunda rannsóknir og þróunarstarf og afla upplýsinga um kolefnisbúskap votlendis. Jafnframt á hún að fylgjast með áhrifum aðgerða til aukinnar verndunar votlendis á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis.

Í september 2021 birti umhverfis- og auðlindaráðuneytið aðgerðaáætlun um verndun votlendis¹ og var áætlunin unnin í samræmi við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til ársins 2030. Áætlunin um verndun votlendis inniheldur 12 aðgerðir og eru margar þeirra á ábyrgð Landgræðslunnar auk Umhverfisstofnunar.

Í samræmi við aðgerðaáætlunina vinnur Landgræðslan að því að móta og koma á framfæri fræðslu- og kynningarefni fyrir sveitarfélög og landeigendur varðandi reglur, ferli, eftirlit og áhrif þess að ræsa fram land, m.a. á losun og bindingu, líffræðilega fjölbreytni og vatnsbúskap. Að auki vinnur Landgræðslan að öðrum aðgerðum sem skilgreindar eru í aðgerðaáætlun um verndun votlendis.

Ábyrgð: Landgræðslan

Samstarfsaðilar: Umhverfisstofnun, sveitarfélög, landeigendur.


Tímarammi: 2022-2023

Árangursvísir:

1. Fræðsluáætlun og fræðslu- og kynningarefni fyrir sveitarfélög og landnotendur.
2. Staða aðgerða í samræmi við tímasetta verkáætlun í aðgerðaáætlun stjórnvalda um verndun votlendis.

Tillaga að fjármögnun: Miðað við forsendur núverandi fjárlaga

¹ Sjá nánar: <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Verndun%20votlendis%202021.pdf>





2. Efla og vernda líffræðilega fjölbreytni og takmarka rask vistkerfa af völdum aðgerða á sviði landgræðslu, skógræktar og við endurheimt votlendis og gróðurleifa

2.1 Rannsóknir á áhrifum landgræðslu, skógræktar og endurheimtar votlendis á líffræðilega fjölbreytni

Aðgerðin felur í sér að unnar verði rannsóknir á áhrifum landgræðslu, skógræktar og endurheimtar votlendis á líffræðilega fjölbreytni.

Lýsing: Efling landgræðslu, skógræktar og endurheimt votlendis er skilgreind sem mikilvæg aðgerð í aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum til 2030. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar 2021 kemur fram að sett verði metnaðarfull markmið um samdrátt í losun vegna landnotkunar og áhersla lögð á að efla náttúrumiðaðar lausnir, m.a. með hvötum til aukinnar skógræktar, landgræðslu og endurheimt votlendis. Í samræmi við þessar áherslur er mikilvægt að huga að áhrifum landgræðslu, skógræktar og endurheimt votlendis á líffræðilega fjölbreytni, í samræmi við skilgreiningu náttúruverndarlaga nr. 60/2013 á líffræðilegri fjölbreytni.

Huga þarf að tegundanotkun í skógrækt og hvort verið sé að nota framandi tegundir sem geti talist ágengar eða ógni líffræðilegri fjölbreytni. Ísland ber t.a.m. ábyrgð á fuglategundum sem þrífast best á bersvæði og skógrækt breytir búsvæðum og getur haft áhrif á afkomu þessara tegunda. Upplýsingar um þessi áhrif eru grundvöllur að upplýstri ákvarðanatöku hvað varðar breytingar á landnotkun. Jafnframt er þörf fyrir frekari rannsóknir og vöktun á áhrifum landgræðslu og endurheimtar votlendis á stofnstærðir fugla og annars lífríkis.

Mikilvægt er að rannsóknirnar séu skilgreindar og unnar í samstarfi við fagstofnanir á sviði náttúrufræðisfyrirspá. Skógræktinni og Landgræðslunni er falið að leita samstarfs við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og háskóla til að gera áætlun um rannsóknir á áhrifum útbreiðslu innfluttra trjategunda í skógrækt og annarra landnýtinga aðgerða í þágu loftslagsmála á líffræðilega fjölbreytni, sérstaklega fuglastofna. Rannsóknaniðurstöður skulu birtar sem ritrýndar greinar. Skoðað verði hvort byggja megi ofan á rannsóknir sem gerðar voru í *Skógvist* 2001-2015.

Ábyrgð: Skógræktin og Landgræðslan

Samstarfsaðilar: Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur, Landbúnaðarháskóli Íslands, aðrir háskólar.

Tímarammi: 2022-2026

Árangursvísir:

1. Rannsóknáætlun (2023).
2. Rannsóknir á áhrifum útbreiðslu innfluttra trjategunda á líffræðilega fjölbreytni.
3. Rannsóknir á áhrifum uppgræðslu lands og endurheimtar votlendis á líffræðilega fjölbreytni. Fjöldi birtra ritrýndra greina.

Tillaga að fjármögnun: 50 millj. kr.

2.2 Gerð áhættumats á notkun algengustu trjategunda í skógrækt

Aðgerðin felur í sér að vinna áhættumat fyrir notkun algengustu trjategunda í skógrækt.

Lýsing: Efling skógræktar er skilgreind sem mikilvæg aðgerð í aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum til 2030 og þar er gert ráð fyrir talsverðri aukningu í skógrækt. Skógrækt með framandi tegundum breytir þeim vistkerfum sem fyrir eru og sumar framandi trjategundir sem nýttar eru í trjárækt hér á landi sá sér út. Markmið stjórnvalda er að samþætta stefnu í loftslagsmálum, jarðvegsvernd og líffræðilegri fjölbreytni. Því er talin ástæða til að unnið verði áhættumat fyrir notkun algengustu trjategunda í skógrækt og að útbúa leiðbeiningar um notkun þeirra, hvernig haga eigi vali á landi og að hverju þurfi að gæta.

Unnið verður áhættumat fyrir notkun algengustu trjátegunda í skógrækt hér á landi m.a. með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.² Jafnframt verður leitað um-sagnar sérfræðinganevndar um innflutning og ræktun framandi tegunda og dreifingu lifandi lífvera sbr. 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Útbúnaar verði leiðbeiningar um notkun þessara tegunda, hvernig haga eigi vali á landi og að hverju þurfi að gæta til að ræktun valdi ekki neikvæðum áhrifum á líffræðilega fjölbreytni, sbr. aðgerð 2.3 um ný gæðaviðmið við val á landi til skógræktar.

Ábyrgð: Matvælaráðuneytið

Samstarfsaðilar: Skógræktin, sérfræðinganevnd um innflutning og dreifingu framandi lífvera, Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið.

Tímarammi: 2022-2023

Árangursvísir:

1. Áhættumat fyrir notkun algengustu trjátegunda í skógrækt.
2. Leiðbeiningar fyrir notkun algengustu trjátegunda í skógrækt.

Tillaga að fjármögnun: Miðað við forsendur núverandi fjárlaga

2.3 Ný gæðaviðmið við val á landi til skógræktar

Aðgerðin felur í sér að þróa og innleiða ný gæðaviðmið við val á landi til skógræktar. Í gæðaviðmiðunum skal sérstaklega gerð grein fyrir forsendum fyrir vali á landi til skógræktar með tilliti til náttúruverndar, minjaverndar og landslags.

Lýsing: Við val á landi til skógræktar ber að taka tillit til verndar umhverfispáttá, þ.m.t. fuglastofna, fágæts gróðurs, sérstaks landslags, jarðminja, fornleifa, og útsýnis. Mikilvægt er að mögulegar jákvæðar og neikvæðar breytingar séu metnar við val á landi til skógræktar. Í því ljósi er gert ráð fyrir að mótuð verði ný gæðaviðmið fyrir val á landi til skógræktar. Þar verði m.a. fjallað um áhrif skógræktar á líffræðilega fjölbreytni, landslag, náttúru, jarðminjar, menningarminjar og verndun verðmæts landbúnaðarlands samkvæmt flokkun í skipulagi, auk annarra mikilvægra þátta. Við val á landi til skógræktar er því mikilvægt að gera grein fyrir umhverfislegum og samfélagslegum verðmætum sem fyrir

² Sjá nánar: https://ust.is/library/sida/Nattura/%C3%81h%C3%A6ttumat_framandilifverur_lei%C3%B0beiningar.pdf

kunna að vera á tilvonandi skógræktarsvæði og verða fyrir áhrifum af skógrækt. Slíkt mat er hluti af upplýsingum sem fylgja umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt.

Skógræktinni er falið að hafa forgöngu um þessa vinnu og leita samstarfs við m.a. Náttúrufræðistofnun Íslands, félagasamtök í skógrækt og náttúruvernd, sveitarfélög og aðrar stofnanir. Leiðbeiningarnar byggja m.a. á niðurstöðu áhættumats, sbr. aðgerð 2.2 um gerð áhættumats á notkun algengustu trjategunda í skógrækt.

Ábyrgð: Skógræktin

Samstarfsaðilar: Náttúrufræðistofnun Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands, Landgræðslan, Háskóli Íslands, Minjastofnun, Skipulagsstofnun, félagasamtök í skógrækt og náttúruvernd.

Tímarammi: 2023-2024

Árangursvísir: Útgáfa og innleiðing nýrra gæðaviðmiða við nýræktun skóga.

Tillaga að fjármögnun: Miðað við forsendur núverandi fjárlaga

2.4 Líffræðileg fjölbreytni í *Íslenskri skógarúttekt*

Aðgerðin felur í sér að *Íslensk skógarúttekt* verði útfærð þannig að hún taki einnig til áhrifa skógræktar á líffræðilega fjölbreytni.

Lýsing: *Íslensk skógarúttekt* er vísindaleg og reglubundin söfnun upplýsinga um skóga og skógrækt á Íslandi. Safnað er m.a. árlega í landfræðilegan gagnagrunn um skóga á Íslandi, *landsskógaúttekt*, úttektir á náttúrulegu birki og úrvinnslu jarðvegs- og gróðursýna úr *landsskógaúttekt*.

Markmiðið með aðgerðinni er að þróa *Íslenska skógarúttekt* þannig að hún taki einnig til áhrifa skógræktar á líffræðilega fjölbreytni, í samræmi við skilgreiningu á líffræðilegri fjölbreytni í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Skógræktinni er falið að vinna tillögu að breytingum á *Íslenskri skógarúttekt* þannig að jafnframt verði lagt mat á áhrif skógræktar á líffræðilega fjölbreytni. Tillögurnar verði unnar í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Ísland, náttúrustofur og háskólasamfélagið.

Ábyrgð: Skógræktin

Samstarfsaðilar: Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur, háskólar.

Tímarammi: 2022-2023

Árangursvísir: Tillaga að nýrri útfærslu *Íslenskrar skógarúttektar*.

Tillaga að fjármögnun: 5 millj. kr.





3. Efla náttúrulega útbreiðslu skóga, einkum á rofnu og rýru landi

3.1 Breytingar á beitarstjórnun

Aðgerðin felur í sér að unnið verði að svæðisbundnum lausnum til að afmarka beitar-svæði og breyta beitarstjórnun með það að markmiði að auka útbreiðslu náttúruskóga og sjálfræðslu lands.

Lýsing: Búfjárbætur getur haft mikil áhrif á árangur aðgerða sem miða að því að auka sjálfræðslu lands og útbreiðslu náttúruskóga. Stýra þarf búfjárbætur með markvissum hætti til að ná fram auknum árangri. Unnið verður með bændum, sveitarfélögum og stjórnvöldum að því að finna lausnir sem vinna að markmiðum um aukna útbreiðslu náttúruskóga og sjálfræðslu lands. Leita þarf leiða sem sátt getur myndast um. Greina þarf hvar ná má árangri í að auka útbreiðslu náttúruskóga með þessum hætti við gerð svæðis- og landshlutaáætlana, sbr. aðgerð 9.1 um samstarf um stefnumörkun fyrir aðgerðir í landgræðslu og skógrækt.

Æskilegt er að bændur og sveitarfélög taki forystu í að finna lausnir. Því þarf að skilgreina stuðning við slíkar aðgerðir m.a. til bænda, sveitarfélaga og eftir atvikum landshlutasamtaka sveitarfélaga í gegnum sóknaráætlanir landshluta.

Sjá einnig aðgerðir 1.1 um verndun skógarleifa og náttúruskóga, aðgerð 4.7 um endurheimt náttúruskóga, aðgerð 6.3 um beitarfriðun á óbeitarhæfu landi og aðgerð 7.1 um þátttöknálganir og samstarf. Einnig mun matvælaráðuneytið skoða hvaða breytingar megi gera á lögum um búfjárhald í því skyni að auðvelda starf í þágu bættrar landnýtingar og jarðvegsverndar.

Ábyrgð: Skógræktin, Landgræðslan og Matvælaráðuneytið

Samstarfsaðilar: Bændur og aðrir landeigendur, Samband íslenskra sveitarfélaga, Vegagerðin, Matvælastofnun.

Tímarammi: 2022-2023

Árangursvísir:

1. Greining á hvar leggja eigi áherslu á að auka útbreiðslu náttúruskóga og sjálfgræðslu lands.
 2. Skilgreindur stuðningur við bændur, sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga til að móta tillögur um að efla útbreiðslu náttúruskóga.
-

Tillaga að fjármögnun: 60 millj. kr.

3.2 Vakta skóga landsins

Aðgerðin felur í sér að vakta náttúruskóga og gera viðeigandi verndarráðstafanir þar sem þörf er á.

Lýsing: Vöktun náttúruskóga er mikilvæg til að hafa upplýsingar um hvort og hvenær þurfi að grípa til verndaraðgerða m.t.t. álagsþátta á borð við skaðvalda, loftslagsbreytingar, landnotkun og rasks vegna breytinga á landnotkun. Slík vöktun er meðal verkefna Mógilsár, rannsóknasviðs Skógræktarinnar, sbr. einnig 8. gr laga um skóga og skógrækt. Verndaraðgerðir geta m.a. falið í sér náttúrulegar varnir gegn skaðvöldum, aðgerðir til að stuðla að endurnýjun (gróðursetning, bein sáning) eða aðgerðir til að stöðva jarðvegsrof.

Ábyrgð: Skógræktin

Samstarfsaðilar: Landgræðslan, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands, landeigendur, náttúrustofur.

Tímarammi: Sífelluverkefni

Árangursvísir:

1. Útbreiðsla og heilsa náttúruskóga (úttekt á 10 ára fresti).
 2. Flatarmál skóglendis sem er friðað fyrir beit (úttekt á 10 ára fresti).
-

Tillaga að fjármögnun: Miðað við forsendur núverandi fjárlaga





4. Vernda og auka kolefnisforða vistkerfa

4.1 Vistgetukort þurrlendis og votlendis

Aðgerðin felur í sér gerð vistgetukorts fyrir þurrlendi og votlendi til að draga fram getu landsins og frávik frá æskilegu ástandi þess.

Lýsing: Markmiðið er að nýting lands taki mið af ástandi þess og vistgetu og stuðli þannig að viðgangi og virkni vistkerfa.

Mikilvægt er að kortleggja ástand lands og vistgetu þess og nýta niðurstöðurnar til að forgangsraða verndar- og endurheimtaraðgerðum út frá staðsetningu og heildarávinningsi, sem og nýtingu. Slíkar upplýsingar gera stefnumörkun um verndun og endurheimt markvissari og gera m.a. sveitarfélögum kleift að leggja betur mat á þá möguleika sem eru til staðar innan þeirra stjórnsýslumarka.

Grunnur að slíku mati liggur fyrir en byggja þarf betur undir það. Með samanburði á vistgetukorti og ástandskorti (sjá aðgerð 6.1) verður unnt að áætla betur hvar þörf er á verndun og endurheimt vistkerfa.

Ábyrgð: Landgræðslan

Samstarfsaðilar: Skógræktin, Landbúnaðarháskóli Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur, bændur.

Tímarammi: 2022-2026

Árangursvísir: Drög að vistgetukorti fyrirliggjandi 2026.

Tillaga að fjármögnun: Miðað við forsendur núverandi fjárlaga

4.2 Kolefnisforðakort

Aðgerðin felur í sér að unnið verði kolefnisforðakort fyrir jarðveg.

Lýsing: Með fjarkönnun og byggt á þeim gögnum sem tiltæk eru, auk rannsókna á vettvangi, verði sett fram kort sem sýnir kolefnisforða alls landsins. Ávinningur af slíku korti gerir kleift að ákvarða kolefnisjöfnuð mismunandi vistkerfa. Aðgerðin er í vinnslu og áætlað er að fyrstu drög að kolefnisforðakorti verði kynnt árið 2024 og uppfært kort verið tilbúið árið 2026.

Ábyrgð: Landgræðslan

Samstarfsaðilar: Skógræktin, Landbúnaðarháskóli Íslands.

Tímarammi: 2022-2024

Árangursvísir: Drög að kolefnisforðakorti fyrirbyggjandi árið 2024.

Tillaga að fjármögnun: Miðað við forsendur núverandi fjárlaga

4.3 Mat á kolefnisjöfnuði fyrir losunarbókhald í loftslagsmálum

Aðgerðin felur í sér reglubundið mat á kolefnisjöfnuði lands fyrir losunarbókhald Íslands og aukna þekkingu varðandi samspil landnotkunar og loftslagsmála.

Lýsing: Landgræðslan og Skógræktin vinna að rannsóknum á kolefnisjöfnuði lands; kolefnisbindingu í jarðvegi og gróðri og losun gróðurhúsalofttegunda frá landi. Lögð er áhersla á að bæta þekkingu á kolefnisjöfnuði mólendis, kolefnisbindingu vegna sjálfræðslu birkis og víðis og kolefnisbúskap votlendis. Brýnt er að niðurstöður úr rannsóknum séu birtar í ritrýndum greinum eða á annan hátt sem alþjóðlega viðurkennt er fyrir losunarbókhald Íslands.

Í september 2021 birti umhverfis- og auðlindaráðuneytið umbótaáætlun 2020-2023 vegna bókhalds Íslands um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis vegna

landnotkunar.³ Í áætluninni eru skilgreindar 20 aðgerðir til umbóta á mati á losun og bindingu sem eru á ábyrgð Landgræðslunnar og Skógræktarinnar. Markmiðið er að losunarbókhald Íslands uppfylli kröfur um aðferðaprep 2 (tier 3) og kröfur um nálgun 3 (approach 3).⁴

Ábyrgð: Landgræðslan og Skógræktin

Samstarfsaðilar: Landbúnaðarháskóli Íslands, aðrir háskólar.

Tímarammi: 2022-2023

Árangursvísir:

1. Staða aðgerða í samræmi við tímasetta verkáætlun í umbótaáætlun 2020-2023 vegna bókhalds Íslands um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis vegna landnotkunar.
 2. Árleg samantekt á stöðu og niðurstöðum rannsókna og niðurstöðum losunarbókhalds fyrir landnotkun.
-

Tillaga að fjármögnun: Miðað við forsendur núverandi fjárlaga

4.4 Rammi um framleiðslu vottaðra kolefniseininga í landbúnaði og annarri tengdri landnotkun

Aðgerðin felur í sér að útfæra ramma um framleiðslu vottaðra kolefniseininga í landbúnaði og annarri tengdri landnotkun.

Lýsing: Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar 2021 er lögð áhersla á að efla þurfi landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis til að mæta skuldbindingum Íslands í loftslagsmálum, ásamt því að útfærður verði ramma um framleiðslu vottaðra kolefniseininga í landbúnaði og annarri tengdri landnotkun.

Kolefnisjöfnun og vottun kolefniseininga í landbúnaði og tengdri landnotkun þarf að vera ábyrg, vísindalega staðfest og stuðla að jákvæðum áhrifum á lífríki, líffræðilega fjölbreytni og aðra umhverfisþætti í samræmi við alþjóðlega þróun. Með því að útfæra

³ Sjá nánar: <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Umbotaaaetlun%202020-2023.pdf>

⁴ Sjá nánar um aðferðaprep og nálgun á bls. 15 í umbótaáætlun: <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Umbotaaaetlun%202020-2023.pdf>

ramma fyrir vottun kolefniseininga í landbúnaði og tengdri landnotkun verður stigið mikilvægt skref í átt að því að móta innviði kolefnisjöfnunar og til að örva þátttöku einkaaðila í aðgerðum sem auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og draga úr losun frá landi. Leggja þarf mat á stöðu og móta tillögur um hvort og þá hvernig stjórnvöld eiga að hafa aðkomu að útfærslu ramma um framleiðslu vottaðra kolefniseininga í landbúnaði og tengdri landnotkun.

Ábyrgð: Matvælaráðuneytið

Samstarfsaðilar: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Skógræktin, Landgræðslan.

Tímarammi: 2022-2023

Árangursvísir: Tillögur til ráðherra um hlutverk og aðkomu stjórnvalda varðandi útfærslu ramma um framleiðslu vottaðra kolefniseininga.

Tillaga að fjármögnun: 10 millj. kr.

4.5 Endurheimt vistkerfa á röskuðu landi

Aðgerðin felur í sér aukna endurheimt hnignaðs mólendis og annars raskaðs þurrlandis.

Lýsing: Eyðing gróðurs og jarðvegs hefur leitt til taps á miklum hluta kolefnisforða landsins og áframhaldandi losun kolefnis frá röskuðum vistkerfum vegur langþyngst í losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi. Þar er losun frá framræstu votlendi og hnignandi mólendi talin skipta mestu.

Fyrsta stöðumat verkefnisins *GróLindar* á ástandi lands sýnir að yfir 20 þúsund km² lands ofan við 600 m hæð, um 10 þúsund km² á hæðarbilinu 400-600 m og um 7 þúsund km² á hæðarbilinu 0-400 m h.y.s. falla í ástandsflokk 1, sem er land með óstöðugt yfirborð, litla gróðurþekju og lítið virkar hringrásir vatns, orku og næringarefna.⁵ Stór svæði falla einnig í ástandsflokka 2 og 3, sem er land í viðkvæmu ástandi. Um 39% beitarlands (24.500 km²) fellur á svæði sem lendir í flokkum 1 og 2.

Vinna þarf að því að tryggja verndun kolefnisforða hnignaðs lands, hvort sem það felur í sér að breyta landnýtingu á hnignuðu landi eða fara í beinar aðgerðir sem miða að því að auka virkni þessara vistkerfa, þar með talið árlega uppskeru og kolefnisbindingu.

⁵ Sjá nánar: <https://grolind.is/>

Huga þarf sérstaklega að þessu við útfærslu hvatakerfis, sbr. aðgerð 7.1 um þátttöku-nálganir og samstarf.

Aðgerðin felur í sér aukna endurheimt hnignaðs mólendis og annars raskaðs þurr-lendis og miðar að því að flatarmál nýrra endurheimtarsvæða verði um 100 þúsund ha á árabílinu 2022-2031, þar af um 70 þúsund ha á rofnu mólendi. Auk þess er miðað við að flatarmál nýrra svæða þar sem unnið er að endurheimt birkiskóga verði orðið um 3.500 km² árið 2031 m.a. sem hluti af Bonn-áskorun Íslands, sbr. aðgerð 4.7 um endurheimt náttúruskóga. Þessi markmið skarast að einhverju leyti.

Ábyrgð: Landgræðslan

Samstarfsaðilar: Sveitarfélög, landeigendur, Skógræktin.

Tímarammi: 2022-2026

Árangursvísir:

1. Stærð endurheimtarsvæðis (ha) (árleg úttekt).
2. Flatarmál nýrra endurheimtarsvæða verði um 50 þúsund ha árið 2026.

Tillaga að fjármögnun: 80 millj. kr.

4.6 Endurheimt votlendis

Aðgerðin felur í sér endurheimt votlendis.

Lýsing: Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar 2021 er lögð áhersla á að efla þurfi m.a. endurheimt votlendis til að mæta skuldbindingum Íslands í loftslagsmálum. Landgræðslan hefur frá og með árinu 2016 rekið sérstakt verkefni um endurheimt votlendis sem hefur það að markmiði að stuðla að endurheimt þeirra votlendissvæða sem raskað var með framræslu á seinni hluta síðustu aldar og eru ekki í notkun. Endurheimt votlendis vinnur að mörgum markmiðum og ávinningurinn birtist m.a. í samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda og bættri vatnsmiðlun. Þar sem stór hluti íslensks votlendis er raskaður er mikil áhersla lögð á þessa aðgerð.

Stefnt er að endurheimt verði minnst 5.300 ha af röskuðu votlendi fram til ársins 2026 og 15.600 ha til ársins 2031, eða í heildina um 6% af þegar röskuðu votlendi. Skoða þarf með hvaða hætti megi best hvetja landeigendur til endurheimtar votlendis á sínu landi, sbr. aðgerð 7.1 um þátttökunálganir og samstarf.

Æskilegt er að fyrir liggi heildstæð áætlun um endurheimt votlendis á landi í eigu ríkisins í samræmi við eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda frá árinu 2019, m.a. með hliðsjón af aðgerð B.3 í áætlun stjórnvalda um verndun votlendis.⁶

Ábyrgð: Landgræðslan

Samstarfsaðilar: Sveitarfélög, landeigendur, einkaaðilar, Framkvæmdasýslan, Ríkiseignir.

Tímarammi: 2022-2026

Árangursvísir:

1. Hektarar votlendis endurheimtir árlega.
2. Að lágmarki 5.300 ha af röskuðu votlendi endurheimtir árið 2026.

Tillaga að fjármögnun: 90 millj. kr.

4.7 Endurheimt náttúruskóga

Aðgerðin felur í sér að snúa kolefnislosun rofins lands í kolefnisbindingu, jarðvegsvernd, endurheimt lykilvistkerfisins birkiskóga og eflingu líffræðilegrar fjölbreytni.

Lýsing: Víða um land eru svæði þar sem má koma af stað endurheimt lykilvistkerfisins birkiskóga, ekki síst innan þjóðlendna. Einkum verði byggt á aðferðum eins og notaðar eru í *Hekluskölgaverkefninu* og miðast mest við að hjálpa framvindu birkis og víðis á rofnu landi með sjálfsáningu í stærri svæði í framhaldinu. Nokkur slík verkefni eru þegar hafin og innan þeirra marka er allmikið landsvæði sem þegar er friðað fyrir beit og bíður gróðursetningar. Ástæða er til að fjölga þessum svæðum. Skipulag og framkvæmd slíkra verkefna verði unnið í víðtæku samstarfi við sveitarfélög, landeigendur, félagasamtök og aðra hagaðila.

⁶ Sjá nánar: <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Verndun%20votlendis%202021.pdf>

Aðgerðin vinnur að markmiði Íslands innan Bonn-áskorunar um að leggja grunn að 5% þekju birkiskóga eða á a.m.k. 3.600 km² til viðbótar við þekju náttúruskóganna í dag. Miðað er við að árið 2026 hafi verið skilgreindir um 2.500 km² þar sem unnið er að endurheimt náttúruskóga. Aðgerðin er leidd af Landgræðslunni og Skógræktinni.

Ábyrgð: Skógræktin og Landgræðslan

Samstarfsaðilar: Sveitarfélög, bændur, félagasamtök.

Tímarammi: 2022-2026

Árangursvísir:

1. Flatarmál náttúruskóga samkvæmt *Íslenskri skógarúttekt*.
 2. Afmörkun svæða þar sem unnið er að endurheimt náttúruskóga.
 3. 2.500 km² skilgreindir fyrir endurheimt náttúruskóga árið 2026.
-

Tillaga að fjármögnun: 140 millj. kr.

4.8 Skógrækt

Aðgerðin felur í sér að rækta skóga með mikla getu til kolefnisbindingar á flatarmáls-einingu lands frekar en miklu landi og er mest notuð við góð skógræktarskilyrði í byggð.

Lýsing: Aðgerðin byggir á þekktum aðferðum við skógrækt með ýmsum tegundum í mismunandi landgerðum. Notaðar eru trjátegundir sem vaxa best við þau skilyrði sem bjóðast á hverjum stað. Miðað er við láglendi allt upp í 400 m hæð yfir sjávarmáli og yfirleitt innan um aðra landnotkun í byggðu landslagi. Áhersla verður á að ljúka ræktun í löndum bænda og annarra landeigenda sem þegar hafa verið skilgreind til skógræktar. Öll skógrækt samkvæmt þessari aðgerð byggir á settum gæðaviðmiðum, leiðbeiningum um tegundanotkun og val á landi og miðast við að framkvæmdaleyfi sveitarfélags liggja fyrir.

Í dag eru um 40 þúsund ha ræktaðra skóga á Íslandi, en gert er ráð fyrir gróðursetningu í minnst um 15 þúsund ha í viðbót á næstu 10 árum. Í ljósi umfangs þessara breytinga á landnotkun er mikilvægt að aðgerðir 2.1, 2.2, 2.3 og 2.4 komist sem fyrst til framkvæmda.

Ábyrgð: Skógræktin

Samstarfsaðilar: Sveitarfélög, landssamtök skógareigenda, landeigendur.

Tímarammi: 2022-2026

Árangursvísir:

1. Stærð ræktaðs skóglendis (ha).
 2. Árleg kolefnisbinding í skógum (kt CO₂ ígildi).
 3. 15.000 ha nýir ræktaðir skógar árið 2031.
-

Tillaga að fjármögnun: 65 millj. kr.





5. Auka viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa

5.1 Aðlögun skóga að loftslagsbreytingum

Aðgerðin felur í sér að vinna að aðlögun trjategunda og skóga að loftslagsbreytingum.

Lýsing: Aðlaga þarf skóga að loftslagsbreytingum með því að efla val og kynbætur á helstu trjategundum í íslenskri skógrækt, prófa nýjar tegundir og kvæmi og halda uppi öflugum rannsóknum á aðlögun þeirra, s.s. kvæmatilraunum, vöktun á skemmdum og prófun nýrra tegunda og kvæma. Jafnframt þarf að aðlaga skóga að aukinni tíðni hvassviðris og hugsanlega aukinni tíðni gróðurelda. Er það gert með skipulagi skógræktar-svæða, blöndun tegunda, grisjun á réttum tíma og fellingu og endurnýjun skóga á réttan hátt. Með réttri meðferð skóga er hægt að efla kolefnisbindingu þeirra um leið og þanþolið. Einnig ber að huga að nýtingu og líftíma viðarafurða m.t.t. kolefnisbindingar. Sömuleiðis krefjast þessar aðgerðir rannsókna.

Ábyrgð: Skógræktin

Samstarfsaðilar: Landbúnaðarháskóli Íslands

Tímarammi: 2023-2026

Árangursvísir:

1. Tegunda- og kvæmanotkun í skógrækt (árleg úttekt).
 2. Skógarskaðar (árleg úttekt).
 3. Niðurstöður rannsókna á vexti og þrifum trjáa.
-

Tillaga að fjármögnun: Miðað við forsendur núverandi fjárlaga

5.2 Náttúrumiðaðar lausnir til að draga úr áhrifum náttúruvár í skipulagsvinnu sveitarfélaga

Aðgerðin felur í sér samstarf og fræðslu til sveitarfélaga um mikilvægi náttúrumiðaðra lausna til að draga úr áhrifum náttúruvár og sem lið í aðlögun að loftslagsbreytingum.

Lýsing: Í markmiðum laga um skóga og skógrækt kemur fram að skógrækt skuli stuðla að verndun jarðvegs og draga úr hugsanlegu tjóni vegna náttúruvár. Í þessu samhengi hefur t.d. talsverð vinna tengd eldvörnum í skógum farið fram og fræðsluefni gert aðgengilegt. Í markmiðum laga um landgræðslu kemur fram að endurheimt og uppbygging vistkerfa á landi skuli auka viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa gagnvart náttúrulegum áföllum og náttúruvá.

Mikilvægt er að Landgræðslan og Skógræktin eigi frumkvæði að því að koma á framfæri upplýsingum um mikilvægi náttúrumiðaðra lausna til að draga úr áhrifum náttúruvár og sem lið í aðlögun að loftslagsbreytingum. Þetta starf má samþætta aðgerðum 8.2 um gerð kynningar- og fræðsluefnis um ástand vistkerfa, vistlæsi, skóga, jarðvegsvernd og sjálfbærrar nýtingar og 9.1 um samstarf um stefnumörkun fyrir aðgerðir í landgræðslu og skógrækt.

Ábyrgð: Landgræðslan og Skógræktin

Samstarfsaðilar: Sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tímarammi: 2022-2026

Árangursvísir: Svæðis- og landshlutaáætlanir liggja fyrir og í þeim er lögð áhersla á mikilvægi náttúrumiðaðra lausna til að draga úr áhrifum náttúruvár og sem lið í aðlögun að loftslagsbreytingum.

Tillaga að fjármögnun: Miðað við forsendur núverandi fjárlaga





6. Landnýting tekur mið af ástandi og getu vistkerfa

6.1 Þurrlandi og votlendi landsins kortlagt m.t.t. ástands vistkerfa

Aðgerðin felur í sér að kortleggja betur ástand vistkerfa á landi og þróa og innleiða kerfisbundna vöktun.

Lýsing: Samkvæmt lögum um landgræðslu ber Landgræðslunni að meta ástand lands, árangur af gróður- og jarðvegsvernd og eflingu og endurheimt vistkerfa með tilliti til mismunandi landnytja. Þessar upplýsingar skal stofnunin birta og gera aðgengilegar.

Verkefnið *GróLind* hefur það markmið að meta ástand þurrlandis út frá stöðugleika vistkerfa og virkni náttúrulegra ferla. Það mat er uppfært reglulega samkvæmt bestu fánlegum gögnum. Nú þegar liggur fyrir gróf kortlagning á ástandi þurrlandis í *GróLind*.

Framræsluskurðir hafa verið kortlagðir og unnið er að leiðréttingum á þekjunni. Vinna er hafin við að meta nýtingu á láglandi, bæði ræktun og beitarnýtingu. Gert er ráð fyrir að þeirri grunnvinnu verði lokið 2024.

Innleiðing vöktunar sem byggir á þessum grunni er hluti af því að uppfylla ákvæði 10. gr. landgræðslulaga.

Ábyrgð: Landgræðslan

Samstarfsaðilar: Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur, Skógræktin, bændur.

Tímarammi: 2022-2024

Árangursvísir: Kortlagningu votlendis lokið árið 2024.

Tillaga að fjármögnun: Miðað við forsendur núverandi fjárlaga

6.2 Innleiðing reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu

Aðgerðin felur í sér innleiðingu nýrrar reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu.

Lýsing: Ósjálfbær landnýting er ein af meginorsökum eyðingar og hnignunar vistkerfa hér á landi. Ósjálfbær landnýting hefur neikvæð áhrif á kolefnisbúskap landsins, líf-fræðilega fjölbreytni, virkni vistkerfa og framtíðarmöguleika samfélagsins. Í 9. gr. laga um landgræðslu kemur fram að nýting lands skuli vera sjálfbær þannig að ekki sé gengið á auðlindir og þær endurheimtar eins og unnt er. Jafnframt skal viðgangur og virkni vistkerfa haldast. Nýting lands skal byggjast á viðmiðum um sjálfbærni.

Í vinnslu er reglugerð um sjálfbæra landnýtingu sem hefur verið kynnt í samráðsgátt stjórnvalda og verður endurskoðuð útgáfa hennar kynnt aftur á þeim vettvangi. Gert er ráð fyrir innleiðingu nýrra viðmiða um sjálfbæra landnýtingu árið 2023. Markmiðið er að tryggja sjálfbæra landnýtingu með leiðbeiningum og viðmiðum þar að lútandi sem taki mið af ástandi lands, m.a. varðandi beit búfjár, umferð fólks og ökutækja, framkvæmdir og akuryrkju.

Ábyrgð: Matvælaráðuneytið

Samstarfsaðilar: Landgræðslan, sveitarfélög, Bændasamtök Íslands og aðrir hagaðilar.

Tímarammi: 2023

Árangursvísir: Gerð og innleiðing nýrrar reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu.

Tillaga að fjármögnun: Miðað við forsendur núverandi fjárlaga

6.3 Beitarfriðun á óbeitarhæfu landi

Aðgerðin felur í sér að unnið verði með helstu hagaðilum að því að afmarka þau lönd sem ekki teljast beitarhæf vegna ástands og frávíks frá vistgetu í samræmi við viðmið um sjálfbæra landnýtingu.

Lýsing: Viðmið og leiðbeiningar fyrir sjálfbæra landnýtingu ber að setja samkvæmt landgræðslulögum. Vinna við þau sýnir að meirihluti búfjár gengur á landi sem þolir nýtingu og að mörg svæði sem verst eru hafa nú þegar verið friðuð. Búfjárbeit er þó enn

stunduð á nokkrum svæðum sem eru í slæmu ástandi. Því þarf að leita leiða í samstarfi við bændur, nytjaréttarhafa og sveitarfélög til að samræma nýtinguna viðmiðum um sjálfbæra landnýtingu og skilgreina þau lönd þar sem beitarnýting getur talist sjálfbær. Í því samhengi þarf að skapa hvata fyrir sjálfbæra nýtingu lands. Þetta má gera með tengingum við greiðslur samkvæmt búvörusamningum, hvötum til bænda sem miða að sjálfbærri landnýtingu, greiðslum fyrir samdrátt í losun kolefnis frá landinu og stuðningi við landbætur og/eða bættu beitarstjórnun. Að öðru leyti er fjallað um ósjálfbæra landnýtingu í 12. gr. laga um landgræðslu. Gert er ráð fyrir innleiðingu nýrra viðmiða um sjálfbæra landnýtingu árið 2023, sbr. aðgerð 6.2 um innleiðing reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu og 3.1 um breytingar á beitarstjórnun.

Ábyrgð: Matvælaráðuneytið

Samstarfsaðilar: Sveitarfélög, Landgræðslan, Skógræktin, bændur, Matvælastofnun.

Tímarammi: 2023-2026

Árangursvísir: Hlutfall beitarnýtingar (% beitolands) sem uppfyllir viðmið um sjálfbæra landnýtingu.

Tillaga að fjármögnun: Miðað við forsendur núverandi fjárlaga





7. Efla þáttökunálganir í undirbúningi og framkvæmd aðgerða í landgræðslu og skógrækt

7.1 Þáttökunálganir og samstarf

Aðgerðin felur í sér að efla þáttökunálganir í undirbúningi og framkvæmd aðgerða í landgræðslu og skógrækt, m.a. með því að endurskoða hvatakerfi í landgræðslu og skógrækt.

Lýsing: Með beinni þátttöku fólks og með samvinnu um málefnið má virkja betur þann mannauð og þá þekkingu sem einstaklingarnir búa yfir. Þátttaka í verkefnum getur aukið áhuga og gagnkvæman skilning og þannig bætt langtímaáhrif verkefna. *Hekluskýgar*, *Landbótasjóður* og *Landvöktun* innan verkefnisins *GróLindar* eru dæmi um verkefni sem hafa þáttökunálgun að leiðarljósi.

Þátttaka einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana í endurheimtarverkefnum og skógrækt eru lykilatriði í að ná þeim markmiðum sem stefnt er að sviði loftslagsmála og eflingu líffræðilegrar fjölbreytni. Því þarf að skilgreina með hvaða hætti Landgræðslan og Skógræktin hvetja alla geira samfélagsins til þátttöku og efla starf félagasamtaka og einstaklinga.

Stuðningskerfi fyrir landeigendur og félagasamtök verða skoðuð heildstætt m.a. með hliðsjón af þeim markmiðum og áherslum sem sett eru fram í þessari stefnu, markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum og fyrir líffræðilega fjölbreytni. Unnið verður að því að samhæfa stuðning í landgræðslu og skógrækt og stuðning í landbúnaði. Þessi aðgerð felur í sér setningu reglugerða í samræmi við 8. gr. laga um landgræðslu og í samræmi við 7. gr. laga um skóga og skógrækt og endurskoðun reglugerðar um skógrækt á lögbýlum, sbr. IV. kafla laga um skóga og skógrækt.

Ábyrgð: Skógræktin, Landgræðslan og matvælaráðuneytið

Samstarfsaðilar: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Bændasamtök Íslands, frjáls félagasamtök, sveitarfélög, almenningur.

Tímarammi: 2022-2023

Árangursvísir:

1. Endurskoðað stuðningskerfi fyrir verkefni í landgræðslu og skógrækt.
 2. Fjöldi landeigenda og félagasamtaka í formlegu samstarfi (árleg úttekt).
-

Tillaga að fjármögnun: Miðað við forsendur núverandi fjárlaga





8. Auka þekkingu almennings á mikilvægi virkra vistkerfa og efla hlutverk skóga í að stuðla að útivist

8.1 Uppbygging og viðhald skóga í nágrenni þéttbýlis

Aðgerðin felur í sér að styðja við uppbyggingu og viðhald skóga í nágrenni þéttbýlis.

Lýsing: Skógar, einkum í grennd við þéttbýli, gagnast mörgum til útivistar. Flestir skógar við þéttbýli eru á vegum skógræktarféлага, oft á landi sveitarféлага. Því eru skógræktarfélag og sveitarfélag lykilaðilar til að vinna að framgangi þessarar aðgerðar sem vinnur að markmiði um bættu lýðheilsu. Áfram verður því stutt við skógræktarstarf skógræktarféлага með áherslu á ræktun útivistarskóga í nágrenni þéttbýlis. Samningur ríkisins við Skógræktarfélag Íslands um landgræðsluskóga verður endurskoðaður með þessar áherslur í huga.

Ábyrgð: Matvælaráðuneytið

Samstarfsaðilar: Skógræktarfélag Íslands, sveitarfélög.

Tímarammi: 2023

Árangursvísir:

1. Umfang ræktunar skóga á vegum skógræktarféлага (úttekt á fimm ára fresti).
 2. Endurskoðaður samningur um landgræðsluskóga.
-

Tillaga að fjármögnun: Miðað við forsendur núverandi fjárlaga

8.2 Gerð kynningar- og fræðsluefnis um ástand vistkerfa, vistlæsi, skóga, jarðvegsvernd og sjálfbæra landnýtingu

Aðgerðin felur í sér miðlun á kynningar- og fræðsluefni um ástand vistkerfa, vistlæsi, skóga, jarðvegsvernd og sjálfbæra landnýtingu.

Lýsing: Skógræktin og Landgræðslan sinna báðar fræðslu og miðlun upplýsinga til stjórnvalda, landnotenda og almennings. Um er að ræða lykilaðgerð til að viðhalda og auka skilning í samfélaginu á mikilvægi fjölbreyttra vistkerfa, vistkerfaþjónustu og sjálfbærrar nýtingar. Tækifæri eru til að samhæfa þessi verkefni betur á milli stofnananna tveggja og efla samstarf við sveitarfélög, menntastofnanir og frjáls félagasamtök á þessu sviði. Taka þarf saman yfirlit yfir það starf sem unnið er að á vegum stofnananna og móta tillögur um samhæfingu á því með áherslu á markmið þessarar stefnu, t.d. verndun vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni, jarðvegsvernd, notkun náttúrumiðaðra lausna og sjálfbæra nýtingu gróður- og jarðvegsauðlinda.

Ábyrgð: Skógræktin og Landgræðslan

Samstarfsaðilar: Frjáls félagasamtök, sveitarfélög, menntastofnanir.

Tímarammi: 2023

Árangursvísir: Samantekt og tillögur um samhæfingu kynningar- og fræðslustarfs.

Tillaga að fjármögnun: Miðað við forsendur núverandi fjárlaga





9. Landnýting styður við atvinnu og byggðir í landinu

9.1 Samstarf um stefnumörkun fyrir aðgerðir í landgræðslu og skógrækt

Aðgerðin felur í sér að unnið verði með sveitarfélögum að því að skilgreina helstu tækifæri í sjálfbærri nýtingu lands, uppbyggingu auðlinda, jarðvegsvernd og endurheimt vistkerfa.

Lýsing: Unnið verður sameiginlega að gerð svæðisáætlana í landgræðslu og landshlutaáætlunum í skógrækt í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarfélög, landeigendur og félagsamtök um áherslur eftir svæðum og hvernig best verði unnið að þeim markmiðum sem fram koma í þessari áætlun. Með því er grunnur lagður að sameiginlegri sýn á þau tækifæri sem liggja í sjálfbærri nýtingu lands, uppbyggingu auðlinda, jarðvegsvernd og endurheimt vistkerfa og stuðla þannig að aukinni sátt og samstöðu um aðgerðir.

Ábyrgð: Skógræktin og Landgræðslan

Samstarfsaðilar: Sveitarfélög, landeigendur, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, félagsamtök á viðkomandi svæði.

Tímarammi: 2022-2026

Árangursvísir: Svæðis- og landshlutaáætlanir liggja fyrir og í þeim eru skilgreind helstu tækifæri í sjálfbærri nýtingu lands, uppbyggingu auðlinda og endurheimt vistkerfa.

Tillaga að fjármögnun: Miðað við forsendur núverandi fjárlaga

9.2 Ræktun skóga á löndum í einkaeigu

Aðgerðin felur í sér að haldið verður áfram að styðja skógrækt á jörðum í einkaeigu með áherslu á gæði skóga.

Lýsing: Stjórnvöld hafa um áratuga skeið lagt á það áherslu að til verði skógarauðlind sem verði grunnur að atvinnu víða um land. Áfram verður unnið að því að byggja upp skógarauðlind, með áherslu á þau skógræktarsvæði sem þegar hafa verið skilgreind og að efla gæði þeirrar ræktunar sem þar er stunduð. Jafnframt að leitað sé samlegðar með annarri starfsemi, s.s. öðrum landbúnaði. Aðgerðin felur m.a. í sér að endurskoða reglugerð um skógrækt á lögbýlum, m.a. með það í huga að bjóða upp á fjölbreyttara form styrkja og að auka gæði skóga. Unnið verði jafnframt að því að efla fræðslu og leiðbeiningar til skógareigenda í samræmi við þessa stefnu.

Ábyrgð: Matvælaráðuneytið

Samstarfsaðilar: Skógræktin

Tímarammi: 2023-2026

Árangursvísir:

1. Endurskoðuð reglugerð um skógrækt á lögbýlum.
2. Gróðursetning til nytjaskógræktar (árleg úttekt).
3. Fjöldi þátttakenda í skógrækt á lögbýlum (árleg úttekt).

Tillaga að fjármögnun: Miðað við forsendur núverandi fjárlaga





10. Auka verðmæti skógarafurða

10.1 Úrvinnsla og sala innlendra skógarafurða

Aðgerðin felst í að vinna að auknu verðmæti skógarafurða.

Lýsing: Verðmætasköpun úr skógum er háð góðu hráefni, sem verður til við notkun gjöfilla trjategunda í skógrækt og með vandaðri meðferð skóga, einkum grisjunar, sem leiðir til þess að vöxtur skógarins færist yfir á betri trén. Aukin framlög til snemmgrisjunar eru helstu hvatarnir, en einnig fræðsla um grisjun og aðra meðferð skóga, sbr. aðgerð 9.2 um ræktun skóga á löndum í einkaeigu. Jafnframt þarf að efla virðiskeðjuna fyrir hvers kyns skógarafurðir með stuðningi við þróun úrvinnslu og nýsköpun. Unnið verður að því að færa úrvinnslu skógarafurða og markaðsþróun sem er hjá Skógræktinni yfir til einkaaðila á þann hátt og þeim hraða að úrvinnsla og markaðir eflist í leiðinni. Aðgerðina má mögulega tengja almennum stuðningi við landbúnað.

Ábyrgð: Skógræktin

Samstarfsaðilar: Landssamtök skógareigenda, sveitarfélög, einkaaðilar.

Tímarammi: 2022-2026

Árangursvísir:

1. Tekjur af sölu skógarafurða (árleg úttekt).
 2. Samantekt á afurðum framleiddum úr íslenskum skógum (á 5 ára fresti).
 3. Fjöldi fyrirtækja sem framleiða vörur úr íslenskum skógarafurðum (úttekt á 5 ára fresti).
 4. Kolefnisbinding í viðarafurðum (t CO₂ ígildi).
-

Tillaga að fjármögnun: Miðað við forsendur núverandi fjárlaga

Yfirlit aðgerða

Aðgerðirnar sem settar eru fram í þessari áætlun ná til tímabilsins 2022-2026, þó sumar aðgerðirnar kunni að ná yfir lengra tímabil. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit aðgerða, áætluð verklok og ábyrgðaraðila.

Tafla 1. Yfirlit aðgerða 2022-2026.

| Nr. | Aðgerð | Verklök | Ábyrgð |
|-----------|---|--------------|-------------------|
| 1. | Efla verndun heilla vistkerfa og gróðurleifa | | |
| 1.1 | Verndun skógarleifa og náttúruskóga | 2024 | SKR og LGR |
| 1.2 | Verndun votlendis | 2023 | LGR |
| 2. | Efla og vernda líffræðilega fjölbreytni og takmarka rask vistkerfa af völdum aðgerða á sviði landgræðslu, skógræktar og við endurheimt votlendis | | |
| 2.1 | Rannsóknir á áhrifum landgræðslu, skógræktar og endurheimtar votlendis á líffræðilega fjölbreytni | 2026 2023 | SKR og LGR SKR |
| 2.2 | Gerð áhættumats á notkun algengustu trjátegunda í skógrækt | | |
| 2.3 | Ný gæðaviðmið við val á landi til skógræktar | 2024 | SKR |
| 2.4 | Líffræðileg fjölbreytni í <i>Íslenskri skógarúttekt</i> | 2023 | SKR |
| 3. | Efla náttúrulega útbreiðslu skóga, einkum á rofnu og rýru landi | | |
| 3.1 | Breytingar á beitarstjórnun | 2023 | SKR, LGR og MAR |
| 3.2 | Vakta skóga landsins | Sífellla | SKR |
| 4. | Vernda og auka kolefnisforða vistkerfa | | |
| 4.1 | Vistgetukort þurrlendis og votlendis | 2026 | LGR |
| 4.2 | Kolefnisforðakort | 2024 | LGR |
| 4.3 | Mat á kolefnisjöfnuði fyrir losunarbókhald í loftslagsmálum | 2023 | LGR og SKR |
| 4.4 | Rammi um framleiðslu vottaðra kolefniseininga í landbúnaði og annarri tengdri landnotkun | 2023 | MAR |
| 4.5 | Endurheimt vistkerfa á röskuðu landi | 2026 | LGR |
| 4.6 | Endurheimt votlendis | 2026 | LGR |
| 4.7 | Endurheimt náttúruskóga | 2026 | SKR og LGR |
| 4.8 | Skógrækt | 2026 | SKR |

| Nr. | Aðgerð | Verklök | Ábyrgð |
|------------|---|---------|-----------------|
| 5. | Auka viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa | | |
| 5.1 | Aðlögun skóga að loftslagsbreytingum | 2026 | SKR |
| 5.2 | Náttúrumiðaðar lausnir til að draga úr áhrifum náttúruvár í skipulagsvinnu sveitarfélaga | 2026 | LGR og SKR |
| 6. | Landnýting tekur mið af ástandi og getu vistkerfa | | |
| 6.1 | Þurrlandi og votlendi landsins kortlagt m.t.t. ástands vistkerfa | 2024 | LGR |
| 6.2 | Innleiðing reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu | 2023 | MAR |
| 6.3 | Beitarfriðun á óbeitarhæfu landi | 2026 | MAR |
| 7. | Efla þátttökunálganir í undirbúningi og framkvæmd aðgerða í landgræðslu og skógrækt | | |
| 7.1 | Þátttökunálganir og samstarf | 2023 | SKR, LGR og MAR |
| 8. | Auka þekkingu almennings á mikilvægi virkra vistkerfa og efla hlutverk skóga í að stuðla að útivist | | |
| 8.1 | Uppbygging og viðhald skóga í nágrenni þéttbýlis | 2023 | MAR |
| 8.2 | Gerð kynningar- og fræðsluefnis um ástand vistkerfa, vistlæsi, skóga, jarðvegsvernd og sjálfbærra landnýtingu | 2023 | SKR og LGR |
| 9. | Landnýting styður við atvinnu og byggðir í landinu | | |
| 9.1 | Samstarf um stefnumörkun fyrir aðgerðir í landgræðslu og skógrækt | 2026 | SKR og LGR |
| 9.2 | Ræktun skóga á löndum í einkaeigu | 2026 | MAR |
| 10. | Auka verðmæti skógarafurða | | |
| 10.1 | Úrvinnsla og sala innlendra skógarafurða | 2026 | SKR |

